

Alþingi  
Erindi nr. P 138/177  
komudagur 17.11.2009

Reykjavík 17. nóv. 2009

Heilbrigðisnefnd Alþingis

Nefndarsvið

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík

[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Sjúkraliðafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn sem lagt var fyrir 137 lögjafabing Íslendinga.

Sjúkraliðafélagið telur að með þessu frumvarpi sé verið að stíga farsæl skref í þá átt að opna á aukna nýtingu menntunar og fagþekkingar heilbrigðisstétta og felldar séu niður þær glrðingar sem komu í veg fyrir það. Félagið telur eðlilegt að gert sé ráð fyrir að starfssvið heilbrigðisstétta verði ákveðið á grundvelli þekkingar og hæfni með tilliti til hagsmuna sjúklinga og heilbrigðiskerfisins í heild og að úreilt ákvæði um takmarkanir á starfs-réttindum/sviðum verði felld brott en nánar útfærð með reglugerðum. Með setningu þessara laga eiga störf og starfssvið heilbrigðisstétta að geta þróast með eðlilegri og faglegri hætti.

Sjúkraliðafélag Íslands vill jafnframt halda því til haga að mjög mikilvægt er að þær reglugerðir sem settar verða af heilbrigðisráðherra verði vandaðar og unnar í anda þeirra laga sem hér er um fjallað.

Sjúkraliðafélagið leggur áherslu á að reglugerðir sem settar verða um framkvæmd þessara laga verði unnar í samráði við fagfélögin.

Virðingarfyllst

---

Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður SLFÍ

---

Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri SLFÍ

Ath. afrit verður sent í pósti